



Reykjavík, 13. febrúar 2024

MSS24020013

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Lyfsöluleyfi - Lyfjabúð að Norðlingabraut 2

Vísað er til erindis Lyfjastofnunar, dags. 2. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Reykjavíkurborgar vegna umsóknar um nýtt lyfsöluleyfi með vísan til 5. mgr. 34. gr. lyfjalaga nr. 100/2020. Skrifstofa borgarstjórnar vísaði erindinu til umsagnar skipulagsfulltrúa sem veitti jákvæða umsögn

Mælt er með því að borgarráð samþykki framlagða umsögn skipulagsfulltrúa

Virðingarfyllst,

Helga Björk Laxdal
Skrifstoustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:

Erindi Lyfjastofnunar, dags. 2. febrúar 2024

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. febrúar 2024.



Reykjavík

Borgarstjórn Reykjavíkur
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík, 2.2.2024
Tilvísun: 09.01 Lyfsöluleyfi
Málsnúmer: M-2024-01-0303

Efni: Umsagnarbeiðni – Nýtt lyfsöluleyfi

Lyfjastofnun barst 18. janúar sl. umsókn frá lyfjafræðingi, um lyfsöluleyfi fyrir nýja lyfjabúð, að Norðlingabraut 2, 110 Reykjavík.

Samkvæmt 5. mgr. 34. gr. lyfjalaga nr. 100/2020 **skal Lyfjastofnun senda umsóknir um ný lyfsöluleyfi viðkomandi sveitarstjórn til umsagnar.** Fram kemur í ákvæðinu að við mat umsóknar skuli m.a. stuðst við íbúafjölda að baki lyfjabúðinni og fjarlægð hennar frá næstu lyfjabúð. Leggist umsagnaraðili gegn veitingu leyfis er Lyfjastofnun heimilt að hafna umsókninni.

Með vísan til framangreinds óskar Lyfjastofnun hér með eftir umsögn borgarstjórnar Reykjavíkur um umsóknina.

Þess er óskað að umsögnin berist svo fljótt sem auðið er og **eigi síðar en 23. febrúar nk.**

F.h. Lyfjastofnunar,
Kristín Ingvarsdóttir

Bréf þetta er undirritað með fullgildri rafrænni undirskrift samkvæmt lögum nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Undirritunarsíða

Kristín Ingvarsdóttir



Norðlingabraut 2 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 6. febrúar 2024, þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna umsóknar Lyfjastofnunar um lyfsöluleyfi fyrir nýja lyfjabúð að Norðlingabraut 2.



Aðalskipulag Reykjavíkur



Mynd úr borgarvefsjá

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin á verslun og þjónustu lóð, VP26. Um lóðina er svo hljóðandi “ Hverfiskjarni með stærri matvöruverslunum og fjölbreyttri verslun og þjónustu sem þjónar heilu hverfi. Veitingastaðir í flokki I og II eru heimilir í hverfiskjörnum, svo og gististaðir í flokki I–III. Veitingastaðir í flokki III geta verið heimilir samkvæmt ákvörðun í deiliskipulagi eða hverfisskipulagi. Íbúðir eru heimilar, einkum á efri hæðum bygginga. Sjá nánar kafla 5 í greinargerð aðalskipulags.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag ásamt skilmálum. Deiliskipulagið “Norðlingaholt“ var samþykkt í borgarráði dags. 11.04.2003 með síðari breytingum. Í deiliskipulaginu er svo hljóðandi um Hverfismiðstöð, verslunarhús

14.1.3 Hverfismiðstöð, verslunarhús, V2-01 sérákvæði. Norðlingabraut 2, Árnað 1.

Fjöldi húsa:

Eitt hús á einni til tveimur hæðum. Hámarksstærð húss er 4200 m².

Aðkoma og lóð:

Aðkoma í húsið skal vera frá bílastæðum. Heimilt er einnig að hafa inngang að sunnanverðu (fyrir gangandi vegfarendur). Kvöð er um gróðursetningu og gangstig meðfram báðum aðalhlíðum hússins. Hverfismiðstöðin er í halla. Þar sem landið er lægst er leyfilegt að hafa verslun/þjónustu á fullum tveimur hæðum. Þar sem landið er hæst grefst neðri hæð inn í landið. Þar er þó leyfilegt að byggja kjallara fyrir t.d lager. Kvöð er um gróðursetningu á bílastæðum, sjá grein 5.10.

Bílastæði:

Á lóð V2-01 er gert ráð fyrir fjölpætri starfsemi. Bílastæðafjöldi sýndur á deiliskipulagsuppdreiti er leiðbeinandi. Heimilt er að fækka eða fjölga bílastæðum eftir byggingarmagni, sjá almenn atriði.

Umsögn

Enginn lyfjabúð er í Norðlingaholti. Lóðin sem óskað er eftir að hafa lyfjabúðina er á verslunar og þjónustusvæði samkvæmt Aðalskipulagi Rvk. Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við lyfjabúð við Norðlingabraut 2, samræmist aðal og deiliskipulagi svæðisins.

Niðurstaða

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd erindið.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri